

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 261/2015**

2017/EES/38/29

frá 30. október 2015

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við**  
**EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/984 frá 24. júní 2015 um að samþykkja koparpýriþíón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/985 frá 24. júní 2015 um að samþykkja klóþíanidín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zzz (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/744) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzza. **32015 R 0984**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/984 frá 24. júní 2015 um að samþykkja koparpýriþíón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjtíð. ESB L 159, 25.6.2015, bls. 43).

12zzzb. **32015 R 0985**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/985 frá 24. júní 2015 um að samþykkja klóþíanidín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtíð. ESB L 159, 25.6.2015, bls. 46).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/984 og (ESB) 2015/985, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 159, 25.6.2015, bls. 43.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 159, 25.6.2015, bls. 46.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.